

Alþingi - nefndasvið
Austurstræti 12-14
150 Reykjavík

Efni: Umsögn við tillögu til þingsályktunar um fjármögnun varðveislu, björgunar og endurgerðar skipa- og bátaarfsins. 154. löggjafarþing 2023-2024, þingskjal 120 – 120. mál.

Bátasafn Breiðafjarðar (Félag áhugamanna um bátasafn Breiðafjarðar á Reykhólum) fagnar fram kominni tillögu.

Frá því lög um menningarminjar, nr. 80/2012, voru sett hefur fjárhagslegur stuðningur við varðveislu og verndun skipa og báta verið um 2-5 milljónir á ári en á sama tíma hefur Húsafriðunarsjóður/Fornminjasjóður úthlutað um 200-300 milljónum árlega til viðhalds húsa og kirkna. Hér þarf að gera betur hvað báta- og skipavernd varðar.

Við teljum brýnt að stofna sérstakan **Bátafriðunarsjóð** sem gæti orðið til þess að koma þessum málum í viðunandi horf. Horfa má til þess hafa að fyrirmynd við stofnun slíks sjóðs, fyrirkomulag og uppbyggingu Húsafriðunarsjóðs og Minjaverndunar ehf. sem sameiginlega hafa lyft grettistaki á sviði húsaverndunar. Einnig eru frændur okkar á norðurlöndum, eins og fram kemur í tillögunni, með öflugt starf á þessu sviði og þangað má sækja fyrirmyndir. Einnig viljum við ítreka að mikilvægt er að gæta þess að gert sé ráð fyrir fjármagni í að styrkja og efla kennslu í báta- og skipasmíði.

Á þessu ári (2024) ákváðu bæði Fornminjasjóður og Húsafriðunarsjóður að þeir gætu ekki stutt við starf okkar hjá Bátasafni Breiðafjarðar, en við varðveitum 32 gamla súðbyrðinga þar af eru 17 aldursfriðaðir (smíðaðir fyrir 1950).

Það skal tekið fram að okkur var hrósað fyrir vel unnar umsóknir en það dugir því miður skammt. Við þurfum því að treysta á sjálfboðastarf félagsmanna og velvild velvildarmanna til að reka starfið og útvega geymslur fyrir bátana.

Til að þið ágætu þingmenn áttið ykkur á því hvernig þetta snýr að okkur sem þurfum að varðveita bátana, sem sagt er frá hér að ofan, viljum við skýra aðeins hvað við sóttum um.

Umsókn okkar til Fornminjasjóðs hljóðaði upp á kr. 2.850.000. Hér var sótt um styrk til að flytja teinæringinn Egil (smíðaður 1904) frá Hvallátrum á Breiðafirði í geymslu á Reykhólum. Baturinn er einn af stærstu teinæringum sem til eru, 11m langur og 3m breiður vegur rúm 2 tonn. Einnig var ráðgert að nota hluta styrksins til að flytja báta, sem eru geymdir í hlöðu í Dölunum sem félagið hefur haft á leigu en þarf að rýma.

Fornminjasjóðurinn úthlutaði alls kr. **79.485.000** og þar af til forvörslu báta kr. 4.600.000. (um 0,06%) og **engri krónu** til Bátasafns Breiðafjarðar

Umsókn okkar til Húsafriðunarsjóðs hljóðaði upp á kr. 3.500.000. Sá styrkur var ætlaður til að endurbæta 80 ára gamlan bragga sem félagið á á Reykhólum.

Sjóðurinn úthlutaði alls kr. **297.500.000** og við fyrstu sýn er erfitt er sjá að þar sé nokkurri upphæð/krónu varið í verndun bátaarfsins. (um 0,00%). og **engri krónu** til Bátasafns Breiðafjarðar

Það ekki hægt að geyma báta utandyra nema ætlunin sé að láta þá eyðileggjast.

Eins og nærri má geta olli þessi niðurstaða sjóðanna okkur miklum vonbrigðum og ljóst er að við eru hálf vængbrotnir yfir þessu.

Einnig bendum við, sem erum að basla við að vernda bátaarfinn, mönnum gjarnan á að þau hús og kirkjur sem verið er að veita styrki í hefðu fæst verið byggð, ef ekki væri fyrir afraksturinn af notkun báta, sem skópu auð landsmanna.

Ef þessu heldur svona áfram má að öllum líkindum gera ráð fyrir að efnt verði til bátabrennu til að leysa þessi mál.

Þess má geta að Sjóminjasafn Húsavíkur hefur nýverið ákveðið að farga sex af þeim súðbyrtu bátum sem það hefur varðveitt, en hefur ekki fengið fjármagn til að varðveita lengur. <https://www.husmus.is/is/um-mmth/frettir/batarnir-sex-a-utisvaedi-safnahussins-a-husavik>

Um Bátasafn Breiðafjarðar.

Félag var stofnað 31. ágúst 2006. Markmið félagsins eru:

- Safna, skrá, varðveita og sýna muni og minjar sem hafa gildi fyrir sögu báta, bátasmíða og siglinga við Breiðafjörð. Þá skal safnið stuðla að nýsmíði súðbyrðinga, veita þekkingu í því fagi eftir föngum og, efla siglingakunnáttu og halda til haga vitneskju um gamlar siglingaleiðir á Breiðafirði.

Sumarið 2011 hófst samstarf félagsins við Reykhólahrepp og æðarræktarfélagið Æðarvé, um rekstur sýningar sem fékk heitið **Báta- og hlunnindasýningin á Reykhólum**. Sýningin er gluggi að skemmtilegum heimi fugla, báta og náttúrunytja Breiðafjarðar. Meðal annars fá gestir að kynnast æðarfuglinum á sérstakan hátt og fræðast um gömlu súðbyrðingana með breiðfirska laginu.

Félagið hefur staðið fyrir **Bátadögum** fyrstu helgina í júlí á hverju sumri síðan 2008 utan tveggja ára er þeir féllu niður vegna veðurs. Bátadagarnir hafa verið mörgum bátseigandanum hvatning til að standsetja bátinn og koma og sigla honum undir leiðsögn manna sem eru vanir slíkum bátum. Bátadagarnir hafa því stuðlað að einskonar “vakningu” í varðveislu súðbyrtra báta. Heimamenn hafa miðlað fróðleik um þá staði sem heimsóttir hafa verið.

Félagið hefur frá 2010 boði upp á **námskeið** í smíði súðbyrtra trébáta. Nú eru námskeiðin haldin í samvinnu við Iðu fræðslusetur. Námskeiðin hafa verið haldin vor og haust og hefur þátttaka verið sæmileg og stundum góð. Námskeið hafa einnig verið haldin á Siglufirði og Akureyri í samvinnu við sjóminjasöfn þar. Í tengslum við námskeiðin hefur félagið gefið út kennslubók með leiðbeiningum um smíði súðbyrðings.

Nú stendur til að smíða eftirlíkingu af s.k. Baskabát sem Baskar notuðu við hér við land. Baskavinafélagið <https://baskavinir.is/> leitaði til Bátasafns Breiðafjarðar um aðstoð við þetta verkefni og munu 3 félagar okkar taka þátt í þessu verkefni en það (Baskavinafélagið) hefur fengið veglega styrki til þessa verkefnis, sem er um þann mund að fara af stað þegar þetta er ritað.

Það er von okkar að þið skoðið vel þær upplýsingar um okkar starf sem má finna á heimasíðu félagsins, þær megið þið nýta ykkur eins og þurfa þykir. Við erum reiðubúin til samstarfs og viðræðna ef óska er.

<http://batasmidi.is/>

<https://batasmidi.is/files/>

Kópavogi, 7. apríl 2024,

F.h. Félags áhugamanna um Bátasafn Breiðafjarðar á Reykhólum.

Hafliði Aðalsteinsson, formaður

hafliidia@centrum.is

Sigurður Bergsveinsson, ritari

sberg@isholf.is